



**Upplýsing**  
**– Félag bókasafns- og upplýsingafræða**

**Aðalfundur Upplýsingar 2020 – og *Bókasafnsins*,  
fimmtudaginn 27. ágúst, kl 15:00**

Fundarstaður: Grand Hotel, Sigtúni, 105 Reykjavík

Fundarstjóri: Ilmur Dögg Gísladóttir

Fundarritari: Þórunn Erla Sighvats

Mættir voru 23 félagsmenn

Lögmæti aðalfundar: Stjórn Upplýsingar boðaði til aðalfundar félagsins og aðalfundar *Bókasafnsins* með mánaðar fyrirvara en í lögum félagsins, 8. grein, segir að boða skuli skriflega til aðalfundar með minnst tíu daga fyrirvara (sjá *Fylgiskjal 1 -- Aðalfundarboð*).

**Dagskrá aðalfundar:**

- a) Skýrsla stjórnar.
- b) Skýrslur hópa og nefnda.
- c) Reikningar félagsins.
- d) Ákvörðun launa og þóknunar til stjórnarmanna.
- e) Fjárhags- og framkvæmdaáætlun næsta starfsárs.
- f) Árgjald.
- g) Lagabreytingar.
- h) Kosning stjórnar og varamanna, sbr. 5 gr.
- i) Kosning skoðunarmanna reikninga.
- j) Kosning í fastanefndir til tveggja ára í senn.
- k) Önnur mál.

**Dagskrá:**

Fundurinn var settur af Barböru H. Guðnadóttur, varaformanni og starfandi formanni, sem bauð alla velkomna. Hún nefndi sérstaklega ástæðuna fyrir því að aðalfundurinn væri einnig haldinn undir nafni *Bókasafnsins*. Ástæðan felst í ákvæðum skattalaga þar sem þess er krafist að fyrir hverju félagi með kennitölu verði skráðir eigendur, og hafði *Bókasafnið* [kt. 6410780349] verið gert að þannig félagi fyrir all nokkru. Þegar útgáfunefnd *Bókasafnsins* var beðin um að gangast við því og verða skráður eigendur *Bókasafnsins* vildu nefndarmenn það ekki. Sem lausn á því máli ákvað stjórn Upplýsingar að halda aðalfund *Bókasafnsins* samhliða aðalfundi Upplýsingar og bera upp fyrir félagsmenn tillögu að slitum á féluginu *Bókasafnið*, enda hefur Upplýsing verið útgefandi og ábyrgðaraðili að útgáfu tímaritsins *Bókasafnsins* alla tíð.

Því næst tilnefndi Barbara fundarstjórn, Ilmi Dögg Gísladóttur, og Þórunni Erlu Sighvats sem ritara fundarins. Tók fundarstjóri við stjórninni og stýrði aðalfundinum samkvæmt dagskrá.

Fundarstjóri hóf mál sitt á því að minna fundargesti á að aðeins þeir sem eru skráðir í félagið og skuldlausir hafa atkvæðisrétt á aðalfundinum.

Samb. *Maria Bjarkadóttir*  
*þórunn Erla Sighvats*  
*Barbara Guðnadóttir*

### a) Skýrsla stjórnar (Fylgiskjal 2).

Barbara H. Guðnadóttir, varaformaður og starfandi formaður, las skýrslu stjórnar fyrir starfsárið 2019-2020, sem einnig var dreift á fundinum. Þar kom fram að félagsmenn eru 382 og stofnanaaðild eiga 44 stofnanir. Í stjórn félagsins á starfsárinu sátu þessir:

Formaður: Oddfríður St. Helgadóttir, Landsbókasafni (til eins árs, sem var seinna ár fyrrf. formanns)

Varaformaður: Barbara H. Guðnadóttir, Borgarbókasafni (til tveggja ára)

Gjaldkeri: María Bjarkadóttir, Bókasafni Tækniðskólangs (til eins árs, sem var seinna ár fyrrv. gjaldkera)

Ritari: Þórunn Erla Sighvats, Orkustofnun (að ljúka seinna ári)

Meðstjórnandi: Anna Sjöfn Skagfjörð, Stöð 2 (til tveggja ára)

Varamenn í stjórn: Jóhann Heiðar Árnason, Landsbókasafni (til tveggja ára) og Kristjana Mjöll

Jónsdóttir Hjörvar, Landsbókasafni (að ljúka seinna ári)

Varðandi stjórnina kom fram að breytingar urðu á henni á starfsárinu af óviðráðanlegum orsökum, formaður forfallaðist og annar varamaðurinn sagði sig frá því starfi og var stjórnin þess vegna ekki fullskipuð meirihluta starfsársins. Haldnir voru 10 stjórnarfundir, bæði á vinnustöðum stjórnarmanna og símafundir, sem kom mjög vel út og gefur fyrirheit um framhald þess. Fram kom að formaður og stjórnin fengju greitt fyrir sín störf, einnig fær útgáfunefnd greiðslu þegar afgangur er af útgáfunni, og vefstjórinn fær fasta þóknun [innsk. ritara: sjá í reikningum].

Hópar og nefndir starfa innan félagsins eins og fyrir Bókasafnsdaginn, Landsfund og útgáfu *Bókasafnsins*. Framtíðarhópur skipuleggur málþing og fjallar um endurmenntun, en höfundaréttarnefnd hefur ekki starfað að undanförnu og finna þarf nýja fulltrúa í hana.

Árlega er sótt um styrk til mennta- og menningarmálaráðuneytisins og varð sú breyting við síðustu umsókn að styrksamningur var gerður til þriggja ára í senn, sem er til mikils batnaðar og sparar þá árlega vinnu sem styrkumsókn felur í sér. Afsláttarkjör félagsmanna eru óbreytt en þau fela í sér bæði afslátt af ýmis konar viðskiptum og mætingum á viðburði.

Stiklað var yfir útgáfu- og vefmál, fram kom að útgáfa *Bókasafnsins* hafði tafist þannig að 43. árgangur náði yfir tvö ár að þessu sinni og kom blaðið út sumarið 2020. Hægt er að lesa eldri árganga á timarit.is. Einnig kom fram að vefstjóri félagsins til margra ára, Óskar Þór Þráinsson, lætur nú af störfum. Nýr vefstjóri, Sif Sigurðardóttir, tekur við af honum.

Bókasafnsdagurinn var haldinn 9. september, 2019, með yfirlit skriftina: „*Lestur er bestur – á þínu safni*“. Pennan viðburðardag, sem er tileinkaður starfsfólki bókasafna, voru einnig veitt í fyrsta skipti Hvatningarverðlaun Upplýsingar og hreppti þau Bókasafn Reykjaneshús fyrir umhverfisverkefnið „*Saumað fyrir umhverfið*“.

Engar umsóknir bárust í Ferðasjóð Upplýsingar á starfsárinu. Fræðslumál starfsársins fólu í sér málþing, sem haldið var 29. nóvember 2019 í umsjón Framtíðarhóps. Þingstaðurinn var í fundarsal Sveinatungu í Garðabæ og var það mjög vel heppnað, 60 þátttakendur hlýddu á fjölbreytta fræðslu allt frá Patreksfirði til Finnlands frá fjórum fyrirlesurum. Að málþinginu loknu var jólagleði félagsins haldin í Fjölbautaskóla Garðabæjar og nutu félagsmenn þar gestrisni starfsfólks bókasafnsins, lifandi tónlistar og gómsætra veitinga. Morgunkorn voru haldin í alls fimm skipti, þau eru vel sótt og þeim streymt, upptökur aðgengilegar á vef félagsins. Ekkert varð af vísindaferð í mars vegna samkomubanni, en ráðgert að hún verði í haust.

Að endingu var farið yfir innlent og erlent samstarf en það var með minnsta móti þetta starfsár vegna veirufaraldursins [innsk. ritara: sjá nánar í ársskýrslunni, sérstaklega er bent á ítarlega skýrslu fulltrúa Upplýsingar í landsnefnd Bláa skjaldarins].

Að lokum þakkaði sitjandi formaður öllum þeim sem lagt hafa sig fram í þágu félagsins fyrir samstarfið og samfylgdina á árinu og hvatti félagsmenn til að bjóða sig fram í nefndir og embætti, það tryggir að hægt sé að halda „uppi faglegu og góðu starfi.“

### b) Skýrslur hópa og nefnda (Fylgiskjal 2).

Í beinu framhaldi af skýrslu stjórnar las sitjandi formaður skýrslur nefnda og hópa. Fram kom að erfiðlega hafi gengið að fá fólk til nefndarstarfa og vantar fólk í nokkrar nefndir og hópa og voru félagsmenn hvattir til að láta í sér heyra um þátttöku.

Útgáfunefnd: Erfiðlega gekk að manna útgáfunefnd og var hún ekki fullmönnuð meirihluta starfstíma síns (tvö ár). Þeir sem tóku sæti í nefndinni starfsárin 2018-2020 voru:

Bergljót Gunnlaugsdóttir (starfaði tímabundið)  
Ilmur Dögg Gísladóttir, Borgarbókasafni  
Sigurgeir Finnsson, Landsbókasafni  
Vigdís Þormóðsdóttir, Landsbókasafni  
Þórunn Erla Sighvats, Orkustofnun

Af margs konar ástæðum tafðist úgáfa *Bókasafnsins* og kom blaðið út ári seinna en venjulega, sem þýðir að 43. árgangur nær yfir tvö ár [innsk. ritara: efni blaðsins hafði borist tímanlega en vegna ófyrirséðra tafa var hægt að bæta við efni frá málþingi og fleiri viðburðum seinna starfsársins].

Höfundaréttarnefnd: Nefndin kom ekki saman á starfsárinu og vantar nýja fulltrúa til starfa.

Undirbúningshópur Bókasafnsdagsins: Dagurinn var haldinn 9. september, 2019, undir yfirskriftinni „*Lestur er bestur – á þínus safni*“ og þeir sem báru hitann og þungann af deginum voru:

Barbara Guðnadóttir - fh stjórnar Upplýsingar  
Óskar Þór Þráinsson  
María Logn Kristínardóttir Ólafsdóttir  
Arnfíður Jónasdóttir  
Arna Emilia Vigfúsdóttir  
Margrét Björnsdóttir  
Edda Hrund Svanhildardóttir  
Margrét Sigurgeirs dóttir

Framtíðarhópur: Heldur utan um skipulag málþings Upplýsingar annað hvert haust. Á þessu starfsári störfuðu þessir í hópnum og héldu málþing 29. nóvember, 2019 í Sveinatungu í Garðabæ:

Magrét Sigugeirs dóttir f.v. formaður Upplýsingar  
Sigríður Júlia Sighvatsdóttir f.v. gjaldkeri Upplýsingar  
Kristjana Mjöll Jónsdóttir Hjörvar f.v. formaður Upplýsingar  
Oddfríður Steinunn Helgadóttir, þáverandi formaður Upplýsingar

Að loknum lestri árskýrslu stjórnar og skýrslum hópa og nefnda bar fundarstjóri þær upp til samþykktar. Voru þær samþykktar einróma.

### c) Reikningar félagsins (Fylgiskjal 3).

Gjaldkeri félagsins, María Bjarkadóttir var forfölluð svo að í skarðið hljóp annar endurskoðandinn og bókarinn, Magný Rós Sigurðardóttir. Fram kom að tap á rekstri félagsins var kr. 407.517 sem skýrist af lægri styrk frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Eigið fé er um 13.000.000 kr. og skuldir engar. Vaxtatekjur eru kr. 128.524.

Frá fundargesti barst sú athugasemd að setja inn lykla fyrir sundurliðanir. Svaraði sitjandi formaður því að það yrði tekið til skoðunar. Engar aðrar umræður urðu um reikningana og voru þeir bornir upp og samþykktir samhljóða.

Skoðunarmenn reikninga voru Ingibjörg St. Sverrisdóttir og Magný Rós Sigurðardóttir.

### d) Ákvörðun launa og þóknunar til stjórnarmanna.

Sitjandi formaður fékk orðið og bar fram rökstuðning fyrir tillögu stjórnar um mánaðarlega þóknun til gjaldkera, kr. 25 þúsund. Störf gjaldkera eru oft mjög íþyngjandi og mikið álag sem fylgir þeim skyldum sem gjaldkerinn þarf að sinna. Jafnframt var lesin tillaga stjórnar um hækkun mánaðargreiðslu til formanns, úr 30 þúsund í 40 þúsund krónur á mánuði. Formaður hefur sömuleiðis mjög mikið á sinni könnu og mikið álag en greiðslur til þessara stjórnarmanna hafa ekki hækkað lengi.

Fundarstjóri bar þessar tvær tillögur stjórnar upp sitt í hvoru lagi og voru þær báðar samþykktar samhljóða.

### e) Fjárhags- og framkvæmdaáætlun næsta starfsárs (fylgiskjal 4).

Sitjandi formaður las upp framkvæmdaáætlun næsta starfsárs í forföllum gjaldkera. Gert er ráð fyrir í áætluninni fjármögnun af félagsgjöldum og árlegum styrk, sem nú þegar er tryggður (með 3 ja ára samningi). Vegna ástands í heiminum af völdum veirufaraldursins er ekki gert ráð fyrir

miklum útgjöldum né ferðalögum. Rekstrarkostnaður var rakinn og vegna fyrirhugaðrar hækunar á þóknun til stjórnarmanna aukast útgjöld en gert er ráð fyrir hagnaði upp á 900.000 kr. Engar umræður urðu um fjárhagsáætlunina og var hún borin upp og samþykkt samhljóða.

**f) Árgjald.**

Engar breytingar lágu fyrir um árgjaldið, það verður því óbreytt næsta starfsár, kr. 7000.

**g) Lagabreytingar.**

Engar lagabreytingar lágu fyrir aðalfundinum.

**h) Kosning stjórnar og varamanna, sbr. 5. gr.**

Fundarstjóri stjórnaði kosningum og kynnti framboð:

- a) Kjör formanns. Í framboði til formanns var Þórný Hlynssdóttir og var hún einróma kosin til næstu tveggja ára. Varaformaður, Barbara H. Guðnadóttir, á eftir seinna árið og var því sjálfkjörin til eins árs.
- b) Kjósa þurfti gjaldkera og ritara til næstu tveggja ára. Í framboði voru Berglind Hanna Jónsdóttir til gjaldkera og Stefanía Gunnarsdóttir til ritara. Voru þær bornar upp og samþykktar einróma. Einnig þurfti að kjósa meðstjórnanda til eins árs, en Anna Sjöfn Skagfjörð Rósudóttir gaf ekki kost á sér til setu í stjórn seinna árið sitt. Í framboði var Björg Bjarnadóttir og var hún einróma kosin til næsta starfsárs. Að lokum þurfti að kjósa einn varamann til tveggja ára. Í framboði var Þórunn Erla Sighvats og var hún einróma kosin, en hinn varamaðurinn, Jóhann Heiðar Árnason, á eftir seinna árið sem varamaður.

**i) Kosning skoðunarmanna reikninga.**

Í endurkjöri til skoðunarmanns var Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir til næstu tveggja ára. Var hún einróma samþykkt. Nýr skoðunarmaður, Margrét Ásgeirsdóttir, var kosin einróma til næstu tveggja ára.

**j) Kosning í fastanefndir til tveggja ára í senn.**

Engin framboð í fastanefndir höfðu borist aðalfundinum og því enga að kjósa um.

**k) Önnur mál.**

Stjórn Upplýsingar leggur fram tvær tillögur fyrir aðalfundinn undir þessum dagskrárið, annars vegar um að leggja niður félagið *Bókasafnið* [kt. 6410780349] og hins vegar um tilnefningu nýs heiðursfélaga. Sitjandi formaður flutti málin.

- Tillaga um að leggja félagið *Bókasafnið* niður hljóðar þannig:

Stjórn Upplýsingar leggur til eftirsandi breytingar á fyrirkomulagi við útgáfu *Bókasafnsins*:

Kennitala Bókasafnsins verði lögð niður, enda er Upplýsing ábyrgðaraðili að útgáfu blaðsins. Þetta þýðir að *Bókasafnið* sem félag, verður lagt niður, reikningur Bókasafnsins verði leystur upp og fjármunir reiknings fari inn á reikning Upplýsingar. Pappírsútgáfu *Bókasafnsins* verði hætt og blaðið gefið út sem rafrænt tímarit. Útgáfunefndin starfi sjálfstætt eins og aðrar nefndir félagsins og hafi fullt umboð til að halda utan um útgáfuna, fjármál blaðsins og annað því tengt líkt og verið hefur

Bar fundarstjóri upp þessa tillögu og var hún samþykkt samhljóða.

- Tilnefning stjórnar um nýjan heiðursfélaga:

Stjórn Upplýsingar leggur til að Jóhanna Gunnlaugsdóttir, prófessor við Háskóla Íslands verði gerð að heiðursfélaga Upplýsingar.

Sitjandi formaður las upp stutt yfirlit yfir feril Jóhönnu og hlutverk hennar sem kennara og faglegs leiðbeinanda nemenda við Háskóla Íslands í upplýsingafraðum um langt skeið. Var tillagan borin upp og samþykkt með lófaklappi. Því næst afhenti sitjandi formaður Jóhönnu áritað glerlistaverk og blómvönd og teknar voru ljósmyndir af þessum ánægjulega viðburði. Ekkert fleira lá fyrir, fundarstjóri þakkað fyrir góðan fund og sleit aðalfundinum kl 16:00. Þórunn Erla Sighvats, fundarritari.

**Fylgiskjöl: 1 Aðalfundarboð; 2 Ársskýrsla stjórnar og skýrslur hópa og nefnda; 3 Reikningar; 4 Fjárhags- og framkvæmdaáætlun.**

**Fylgiskjal 1 – Aðalfundarboð** [t-póstur, upphafl. sendur í júlí, fundarboðið uppfært vegna nýs fundarstaðar –áður hafði fundinum verið frestað frá vori vegna veirufaraldursins]:  
Ágætu félagar

Vegna fjölda skráninga og tveggja metra reglunnar sem í gildi er, þurftum við að finna stærri sal fyrir Morgunkornið og aðalfund Upplýsingar og Bókasafnsins sem verður í næstu viku. Báðir viðburðir verða í Grand Hótel Reykjavík, í sal sem nefnist Gullteigur B. Þar verður hægt að nálgast handspritt og boðið verður upp á hanska við kaffiborðið. Við bendum einnig á að erindi Jóhönnu verður í streymi.

Næsta Morgunkorn Upplýsingar og aðalsfundur Upplýsingar og Bókasafnsins verður fimmtudaginn 27. ágúst í Grand Hótel Reykjavík – Gullteig B

Skráningar er þörf á báða viðburði! Skráningu á báða viðburði lýkur kl. 16:00, þriðjudaginn 25. ágúst.

Skráning fer fram hér: [https://docs.google.com/forms/d/e/1FAIpQLSeUta5Qra-WeiuwYDZD\\_4JASogJAffQIGL2U-JUzKPTGmN85w/viewform](https://docs.google.com/forms/d/e/1FAIpQLSeUta5Qra-WeiuwYDZD_4JASogJAffQIGL2U-JUzKPTGmN85w/viewform)

**Morgunkorn Upplýsingar kl. 14:00: Menntun í upplýsingafræði, staða, væntingar og horfur**  
Jóhanna Gunnlaugsdóttir, prófessor í upplýsinga- og skjalastjórnun flytur erindið; „Menntun í upplýsingafræði; staða, væntingar og horfur.“

Jóhanna hefur verið fastráðinn kennari í upplýsingafræði við Háskóla Íslands frá september 1999. Miklar breytingar hafa orðið á náminu á þeim árum sem hún hefur starfað við námsgreinina og ýmislegt í farvatninu. Hún mun leitast við að greina frá því í eríndinu.

Erindi Jóhönnu verður sent út í streymí fyrir þá sem ekki komast á Morgunkornið.  
Eftir flutning erindis verður boðið upp á kaffiveitingar.

Aðgangur að Morgunkorni er gjaldfrjáls fyrir félagsmenn, aðrir greiða 1.000 krónur.  
Sendið tölvupóst á [upplysing@upplysing.is](mailto:upplysing@upplysing.is) fyrir greiðsluupplýsingar.

Stofnanaaðild í félaginu gefur stofnun kost að senda einn starfsmann frítt á Morgunkornið.

### **Aðalfundur Upplýsingar og Bókasafnsins kl. 15:00**

Dagskrá aðalfundar:

- a) Skýrsla stjórnar
- b) Frá hópum og nefndum
- c) Reikningar félagsins
- d) Ákvörðun launa og þóknunar til stjórnarmanna
- e) Fjárhags- og framkvæmdaáætlun næsta starfsárs
- f) Árgjald
- g) Lagabreytingar
- h) Kosning stjórnar og varamanna, sbr. 5 gr.
- i) Kosning skoðunarmanna reikninga.
- j) Kosning í fastanefndir til tveggja ára í senn.
- k) Önnur mál.

Undir önnur mál leggur stjórnin fram eftirfarandi mál:

1. Stjórn Upplýsingar leggur til eftirfarandi breytingar á fyrirkomulagi við útgáfu Bókasafnsins:  
kennitala Bókasafnsins verði lögð niður, enda er Upplýsing ábyrgðaraðili að útgáfu blaðsins  
þetta þýðir að Bókasafnið sem félag, verður lagt niður, reikningur Bókasafnsins verði leystur upp og fjármunir  
reiknings fari inn á reikning Upplýsingar. Pappírsútgáfu Bókasafnsins verði hætt og blaðið gefið út sem rafrænt  
tímarit. Útgáfunefnind starfi sjálfstætt eins og aðrar nefndir félagsins og hafi fullt umboð til að halda utan um  
útgáfuna, fjármál blaðsins og annað því tengt líkt og verið hefur
2. Heiðurstílnefning stjórnar Upplýsingar

Stjórn Upplýsingar leggur til að Jóhanna Gunnlaugsdóttir, prófessor við Háskóla Íslands verði gerð að  
heiðursfélaga Upplýsingar.

Jóhanna hefur kennt nemendum í bókasafns- og upplýsingafræði við Háskóla Íslands frá árinu 1997 og sem  
prófessor frá árinu 2008. Hún hefur leiðbeint fjölda meistara- og doktorsnema í upplýsingafræðum og  
skjalastjórn og verið gestakennari bæði hér heima og við ýmsa háskóla erlendis. Í byrjun þessa árs sæmdi forseti  
Íslands Jóhönnu heiðursmerki hinnar íslensku fáldaordu fyrir kennslu og rannsóknir á sviði upplýsingafræði og  
skjalastjórnunar.

Virðingafyllst,

Barbara Guðnadóttir

F.h. stjórnar Upplýsingar

## Fylgiskjal 2 – Ársskýrsla stjórnar og skýrslur hópa og nefnda

[vísað er í rafrænt skjal, birtist á vef Upplýsingar – minnkað afrit hér, án forsíðu]

### 1. Félagar

Félagar í Upplýsingu eru samkvæmt félagaskrá 382 einstaklingar og 44 stofnanir. Á starfsárinu sem er að ljúka voru 10 nýir félagar skráðir í félagið. Fjöldi úrsagna er svipaður og áður. Yfirleitt detta nokkrir félagar út á ári og er ástæðan oftast sú að einstaklingar fara á eftirlaun, hverfa á annan starfsvettvang eða flytja úr landi. Einnig detta félagar út af skrá ef þeir hafa ekki greitt félagsgjöld í 2 ár samfleytt. Ein stofnun tilkynnti um úrsögn sína úr féluginu á árinu.

Félagsaðild byggist á eftirfarandi aðildarflokum:

- Almennir félagar. Þeir greiða 7.000 krónur í árgjald.
- Stofnanir. Stofnanir greiða 14.000 krónur í árgjald.
- Nemendur í upplýsingafræði. Þeir greiða 3.500 krónur.
- Heiðursfélagar. Greiða ekki árgjald.
- Eftirlaunaþegar. Geta sótt um að greiða hálf árgjald.
- Fulltrúar í stjórn Upplýsingar, útgáfuneftnd og undirbúningshópur Bókasafnsdags eru undanþegnir félagsgjöldum til að vega upp á móti vinnuframlagi þeirra til félagsins.

### 2. Stjórn Upplýsingar

Samkvæmt nágildandi lögum skal stjórn félagsins skipuð fimm mönnum: Formanni, varaformanni, ritara, gjaldkera og meðstjórnanda. Auk þess skulu kosnir tveir varamenn.

Kjörin stjórn Upplýsingar starfsárið 2019-2020 var sem hér segir:

Formaður: Oddfríður Steinunn Helgadóttir, Landsbókasafni (til eins árs)

Varaformaður: Barbara H. Guðnadóttir, Borgarbókasafni (til tveggja ára)

Gjaldkeri: María Bjarkadóttir, Bókasafni Tækkníkólans (til eins árs)

Ritari: Þórunn Erla Sighvats, Orkustofnun (til eins árs)

Meðstjórnandi: Anna Sjöfn Skagfjörð, Stöð 2 (til tveggja ára)

Varamenn í stjórn: Jóhann Heiðar Árnason, Landsbókasafni (til tveggja ára) og Kristjana Mjöll Jónsdóttir Hjörvar, Landsbókasafni (til eins árs)

Af óviðráðanlegum ástæðum urðu breytingar á stjórn félagsins á starfsárinu. Formaðurinn forfallaðist og tók Barbara varaformaður við sem sitjandi formaður. Þar með var stjórnin aðeins skipuð fjórum stjórnarmönnum meiri hluta tímabilsins, en varamenn voru upplýstir og boðaðir á fundi. Kristjana Mjöll sagði sig þá frá stöðu varamanns og var enginn skipaður í hennar stað.

Varðandi breytingar á stjórn á þessum aðalfundi vísar stjórn Upplýsingar í lög félagsins, kafla, 5. gr. um stjórnarkjör:

*"Ef stjórnarmaður lætur af stjórnarsetu áður en kjörtímabili hans lýkur og varamaður tekur sæti í hans stað, skal kjörtímabil hins síðarnefnda sem stjórnarmanns aðeins ná yfir þann tíma sem eftir er af stjórnarsetu þess sem hættir. Láti stjórnarmaður af störfum á aðalfundi áður en kjörtímabili hans lýkur skal annar kosinn í hans stað til jafnlanga tíma og eftir er af kjörtímabili þess fyrrnefnda."*

### 3. Húsnæðismál

Félagið á ekki fasta skrifstofu undir starfsemi sína og hefur ekki átt um árabil. Félagið leigir geymsluaðstöðu hjá Geymslum ehf. að Fiskislóð 11, 101 Reykjavík. Þar er skjalasafn félagsins geymt sem og aðrar eignir. Starfsaðstaða stjórnarmeðlima er því á heimilum þeirra sem og á vinnustöðum sumra, með leyfi yfirmanna þeirra. Stjórnarfundir hafa verið haldnir til skiptist á vinnustöðum stjórnarmeðlima eftir því sem hentar best hverju sinni. Sú nýbreytni varð á árinu að stjórnarfundir voru haldnir sem fjarfundir. Þó það hafi verið utanaðkomandi aðstæður sem kölluðu á þetta fyrirkomulag, þótti það koma vel út og verður notað í auknum mæli. Með því verður auðveldara fyrir félagsmenn af landsbyggðinni að taka sæti í stjórn.

### 4. Stjórnarfundir og rekstur félagsins

Daglegur rekstur og verkefni félagsins eru í höndum stjórnar og hélt stjórn félagsins 10 stjórnarfundi á tímabilinu og átti svo í reglulegum samskiptum á samfélagsmiðlum og í tölvupósti. Þrátt fyrir forföll og breytingar á stjórninni var reynt að halda dagskrá og leggja áherslu á fagleg málefni og fræðslu til félagsmanna. Þá var lögð áhersla á viðveru á samfélagsmiðlum og upplýsingagjöf til félagsmanna.

Innan Upplýsingar starfa einnig starfshópar sem skipuleggja og halda utan um ýmis verkefni á vegum félagsins s.s. Bókasafnsdaginn, Landsfund, útgáfu Bókasafnsins, Höfundaréttarnefnd og Framtíðarhópur sem hefur unnið að möguleikum félagsmanna til endurmenntunar. Þess skal getið að stjórн félagsins fær greitt fyrir störf sín og fær formaður, sem er eins konar framkvæmdastjóri félagsins, mánaðarlegar greiðslur. Að auki fær útgáfunefndin greitt fyrir sitt framlag og vefstjórinn fær árlega greiðslu. Þessar upphæðir eru tilgreindar í ársreikningum.

## 5. Fjármál og styrkir

Árgjöld félaga, bæði einstaklinga og stofnana, er rekstrarfé félagsins. Þó sækir félagið um styrki vegna sérstakra atburða eins og Bókasafnsdags og Landsfundar. Ávallt er stefnt að því að þessir viðburðir standi undir sér og kostnaður lendi sem minnst á félagini. Einnig er sótt um styrk til mennta- og menningarmálaráðuneytis til að standa undir kostnaði við faglega fundi og erlent samstarf og hefur slíkur styrkur fengist undanfarin ár. Á þessu tímabili varð sú breyting að styrkurinn fékkst til þriggja ára í senn í stað eins árs eins og áður og er það góð hagræðing fyrir báða aðila. Styrknum er meðal annars ætlað að standa undir kostnaði við að senda fulltrúa Upplýsingar á IFLA ráðstefnuna, á Landsfund og til að fara á fundi með norrænum samstarfsfélögum. Þess ber að geta að bæði IFLA ráðstefnunni og Landsfundin þessa árs hefur verið frestað um eitt ár.

## 6. Afsláttarkjör fyrir félagsmenn

Engar breytingar hafa orðið á afsláttarkjörum fyrir félagsmenn. Eins og verið hefur undanfarin ár fá félagsmenn 20% afslátt af bókum og tímaritum í Eymundsson. Einnig fá félagar 20% afslátt í lóu Zimsen, Vesturgötu 2a, 10% afslátt af völdum námskeiðum hjá Proment og 10% afslátt í A4. Félagsmenn fá svo frítt á Morgunkorn og afsláttur er veittur af skráningargjaldi Landsfundar og ráðstefnum og málþingum á vegum Upplýsingar og erlendra samtaka sem félagið er aðili að. Einnig er jölagleðin og aðrar heimsóknir félagsins án endurgjalds fyrir félagsmenn. Reynt er að láta gjöld ganga upp á móti tekjum þannig að félagsmenn fái notið sinna framlaga sem best.

## 7. Útgáfumál og upplýsingamiðlar

### Bókasafnið

Félagið gefur út tímaritið Bókasafnið einu sinni á ári. Á þessu tímabili gekk illa að manna útgáfunefndina og varð mikill dráttur á vinnu við blaðið. Útgáfa 43. árgangs frestaðist þess vegna fram á vorið 2020. Hægt er að lesa eldri árganga blaðsins á [www.timarit.is](http://www.timarit.is).

### Fregnir

Fréttabréfið Fregnir hefur ekki verið í reglulegri útgáfu undanfarin ár en efni er sett á vef Fregna þegar það á við (<http://upplysing.wordpress.com/>).

### Vef- og samfélagsmiðlar Upplýsingar

Vef- og samfélagsmiðla Upplýsingar má flokka í þrjá hópa. Í fyrsta lagi efnisvefi tengdir starfi Upplýsingar, tilkynninga- og samskiptatæki og sértæka efnisvefi.

**Efnisvefir:** Upplysing.is / Youtube / Instagram (Upplysing)

**Tilkynninga- og samskiptatæki:** Facebook

**Sértækir miðlar:** Bokasafn.is / Facebook (Bókasafnsdagurinn) Instagram (Bókasafnsdagurinn) / Twitter (Bókasafnsdagur) / Snapchat (bokasafn.is)

### Efnisvefir:

**Vefur upplýsingar, upplysing.is** inniheldur upplýsingar um starfsemi félagsins, fræðslu, starfsumhverfi félagsmanna upplýsingar um viðburði, myndasafn og innri vef. Einnig eru hýstir undir vef upplýsingar undirvefir ss. vefur um upplýsingalæsi, vefur Bókasafnsins, Bókasafnsdagsins og sérstakir ráðstefnuvefir vegna viðburða tengdum faginu. Vefurinn var endurhannaður í WordPress umhverfi og opnaður vorið 2017.

**Notkun vefsins:**

Samkvæmt vefmælingum voru samanlögð innlit á vefinn upplysing.is árið 2019: 5.230. Að meðaltali skoða 287 notendur vefinn í hverjum mánuði. Árið 2019 voru síðuflettingar og heimsóknir færri en árið á undan en það skýrst fyrst og fremst af því að árið 2018 var Landsfundarár en flettingar eru þó ekki mikið færri meðal annars vegna máþings upplýsingar í nóvember 2019.

<b>Upplýsing.is</b>	<b>2011</b>	<b>2012</b>	<b>2013</b>	<b>2014</b>	<b>2015</b>	<b>2016</b>	<b>2017*</b>	<b>2018</b>	<b>2019</b>
Fjöldi innlita	7.033	12.926	6.703	7.650	9.608	14.891	7.049	4.252	5.230
Notendur	3.422	5.387	4.236	4.401	6.498	8.330	5.245	4.178	3.452
Flettingar	26.882	45.815	19.791	21.454	23.051	39.476	14.194	14.209	10.760

\* Skipt var um vefmælingapjónustu um mitt ár 2017 frá Modernus yfir í Google analytics.

Á **Youtube rás Upplýsingar** má finna safn myndbanda sem tekin hafa verið upp á stafræna myndbandstökuvél sem er í eigu Upplýsingar. Þar má helst nefna upptöku af morgunkornum og ráðstefnum. Árið 2019 var öllum Morgunkornum streymt beint í gegnum Youtube.

Á tímabilinu apríl 2018 til apríl 2019 voru birt 4 myndbönd til viðbótar við þau 23 sem fyrir voru.

**Instagram (upplýsing)** var notað í kringum Landsfund 2018. Fylgjendur 96 (+12 frá fyrra ári)

**Twitter (Upplýsing):** fylgjendur 17x (-2 milli ára)

#### Tilkynninga- og samskiptatæki:

**Facebook síða Upplýsingar** er upplýsingasíða um starfsemi félagsins og málefni sem tengast féluginu. Þar eru helst settar inn tilkynningar og skráningar vegna viðburða, myndir af starfsemi félagsins og einnig er áhugaverðum fréttum deilt á síðuna. Fyrirspurnir hafa einnig verið að berast gegnum Facebook til félagsins. Facebook síða Upplýsingar hefur 478 (+31 milli ára) fylgjendur.

#### Sértaekir miðlar:

bokasafn.is / Facebook (Bókasafnsdagurinn) Instagram (Bókasafnsdagurinn) / Twitter (Bókasafnsdagur) / Snapchat (bokasafn.is)

**Vefurinn bokasafn.is** hefur ekki verið virkur. Vegna uppfærslu á Wordpresskerfi vefsins og ágalla í þema vefsins í kjölfarið var ekki hægt að breyta efni vefsins í seinni hluta árs 2018. Vefnum var lokað tímabundið og eingöngu sett upp einföld upplýsingasíða um bókasafnsdaginn 2019. Ekki hefur verið tekin endanleg ákvörðun um framtíð vefsins eða ábyrgð á uppsetningu og viðhaldi.

<b>bokasafn.is</b>	<b>2013</b>	<b>2014</b>	<b>2015</b>	<b>2016</b>	<b>2017</b>	<b>2018</b>	<b>2019</b>
Fjöldi innlita	3.668	11.210	22.426	22.522	18.321	14.064	1.708
Notendur	2.810	9.410	18.679	18.679	14.579	13.926	1.578
Flettingar	12.244	32.685	54.259	55.600	44.432	42.273	2.106

#### **Miðlar bókasafnsdagsins**

Facebook (Bókasafnsdagurinn): 744 fylgjendur (+23 frá fyrra ári)

Instagram (Bókasafnsdagurinn): 119 fylgjendur (+15 frá fyrra ári)

Twitter (Bókasafnsdagurinn): 50 fylgjendur (+0 frá fyrra ári)

Snapchat (bokasafn.is): 245 fylgjendur 2019. Óvirkur sem stendur

#### **Utanumhald miðla Upplýsingar**

Vef- og miðlastjóri Upplýsingar er Óskar Þór Þráinsson. Meðal verkefna vefstjóra eru uppfærsla vefsins með tilliti til viðburða svo sem morgunkorna, ráðstefna, málfundu, og annarra uppákomu á vegum félagsins. Árið 2019 var bæði haldið utan um upplýsingavef bókasafnsdagsins bæði á upplýsing.is og á bokasafn.is sem vefstjóri sér um. Vefstjóri hefur unnið með undirbúningsnefnd Bókasafnsdagsins að markaðs- og kynningarrefni og upplýsingagjöf gegnum miðla félagsins. Vefstjóri sér einnig um að taka upp, klippa og vinna myndbönd af ráðstefnum, málþingum, morgunkornum og öðrum viðburðum tengdum Upplýsingu og varðveita. Óskar mun nú láta af störfum sem vefstjóri og bakkar fyrir sig.

#### **Skýrsla útgáfuneftnar 2018-2020**

Ný rútgáfuneftnd Bókasafnsins tók við á tímabilinu eftir að fyrri rútgáfuneftnd hætti öll í einu, hana skipa:

Bergljót Gunnlaugsdóttir (starfaði tímabundið)

Ilmur Dögg Gísladóttir, Borgarbókasafni

Sigurgeir Finnsson, Landsbókasafni

Vigdís Þormóðsdóttir, Landsbókasafni

Pórunn Erla Sighvats, Orkustofnun

Seint tókst að manna útgáfuneftndina og urðu margs konar og ófyrirséðar tafir til þess að ekki náðist að gefa blaðið út fyrr en vorið 2020.

## **8. Bókasafnsdagurinn 2019**

Bókasafnsdagurinn var haldinn 9. september 2019. Yfirschrift dagsins var „Lestur er bestur – á þínu safni“ og var ætlunin að vekja athygli á fjölbreytileika bókasafna. Dagurinn var að venju auglýstur í fjölmöldum og á samfélagsmiöldum. Morgunkorn dagsins var haldið í fyrirlestrarsal Menntaskólans í Kópavogi þar sem Haukur Ingvarsson dagskrágerðarmaður og skáld hélt fyrirlesturinn: „Þekking er nútíðarmönnum nauðsynleg“ um sögu bókasafna á Íslandi. Hvatningaráverðlaun Upplýsingar voru afhent í fyrsta sinn en þau hlaut Bókasafn Reykjanésbæjar fyrir verkefnið „Saumað fyrir umhverfið“. Dómnefnd var skipuð premur félagsmönnum: fulltrúa stjórnar, fulltrúa skipulagsnefndar bókasafnsdags og fulltrúa SFA, Samtaka forstöðumanna almenningsbókasafna. Fimm tilnefningar bárust. Fallegur verðlaunagripur var afhentur, en það var útskorinn fugl (lóa) eftir listamanninn Hafþór Ragnar Þórhallsson.

## **9. Ferðasjóður Upplýsingar**

Fullgildir félagar Upplýsingar til þriggja ára geta sótt í sjóðinn styrk upp á 30.000 kr. fyrir náms og kynnisferðir erlendis. Engin umsókn barst í sjóðinn á starfsárinu.

## **10. Fræðslumál**

### **Landsfundur**

Til stóð að Landsfundur Upplýsingar yrði haldinn 24.-25. september 2020 á Ísafirði.. Undirbúningur var í höndum Landsfundarnefndar en hana skipa:

Edda B. Kristmundsdóttir, bæjarbókavörður á Bókasafninu á Ísafirði - formaður nefndar

Júlia Björnsdóttir, framhaldsskólakennari og safnvörður bókasafns Menntaskólans á Ísafirði

Pernilla Rein verkefnastjóri, Bókasafninu Ísafirði og Háskólasetrinu

Rannveig Halldórsdóttir bókasafnsfræðingur í Grunnskólanum á Ísafirði

Roberta Soparaite bókavörður á Bókasafninu Ísafirði

Vegna óvissu og samkomutakmarkana í tengslum við farsóttina sem nú herjar á heimsbyggðina, var ákveðið að fresta Landsfundi um eitt ár.

### **Málþing**

Málþing er haldið annað hvert ár, á móti Landsfundi og var stefnt að því að halda næsta málþing seinni hluta ársins 2021. Skipulagning er í höndum framtíðarhóps Upplýsingar. Þar sem Landsfundi 2020 hefur verið frestað um eitt ár, verður breyting á málþingi og stefnt að næsta málþingi seinni hluta ársins 2022..

Síðasta málþing var haldið á starfsárinu, 29. nóvember og bar það yfirschriftina: Framtíðin, fagið og félagið. Málþingið sóttu rúmlega 60 félagsmenn en dagskrá fór fram í fjölnotasalnum Sveinatungu í Garðabæ. Fyrirlesarar voru Alda Hrannardóttir, forstöðumaður bókasafnsins á Patreksfirði, Helga Einarsdóttir verkefnastjóri fræðslu og miðlunar á Bókasafni Kópavogs, Rauha Maarno, framkvæmdastjóri finnska félags bókasafna- og upplýsingafræða og Pálína Magnúsdóttir Borgarbókavörður. Eftir málþingið gafst færri á að skoða sig um á Bókasafni Garðabæjar og jölagleði félagsins var svo haldin um kvöldið í bókasafni Fjölbrautarskólans í Garðabæ.

Fulltrúar í framtíðarhóp gáfu ekki kost á sér til frekari setu í nefndinni að málþingi loknu. Formaður Upplýsingar á sæti í nefndinni en kjósa þarf þrjá nefndarmenn.

### **Morgunkorn**

Morgunkorn voru á sínum stað á síðasta starfsári. Tilgangur Morgunkorna er að efla faglega vitund félagsmanna og fá bæði einstaklinga utan og innan félagsins til að ræða mál sem eru í brennidepli hverju sinni. Fundirnir standa í um það bil einn og hálfan tíma og lýkur með umræðum ef tími leyfir. Fundunum er einnig streymt beint á YouTube og upptökurnar svo aðgengilegar þar eftir að fundi lýkur. Fyrsta Morgunkornið var eins og venja er haldið í tilefni Bókasafnsdagsins í september. Haukur Ingvarsson, dagskrágerðarmaður og skáld hélt erindið "Þekking er nútíðarmönnum nauðsynleg" í fyrirlestrarsal Menntaskólans í Kópavogi.

Næsta Morgunkorn var haldið í október í sal Landsbókasafns Íslands, en þá héldu þau Sigurður Örn Guðbjörnsson og Úlfhildur Dagsdóttir erindið "Út úr bókaskápnum: Bókasafn Samtakanna '78". Ekkert Morgunkorn var í nóvember vegna málþings Upplýsingar en í janúar var haldið Morgunkorn í Borgarbókasafni - Grófinni þar sem Rósá Björg Jónsdóttir hélt erindið "Er þetta örugglega ekki til? Vantanasaðn Landsbókasafns - Háskólabókasafns. Morgunkorn í febrúar var haldið í Bókasafni Hafnarfjarðar þar sem Stefanía Gunnarsdóttir, forstöðumaður og Guðny Kristín Bjarnadóttir, bókasafns- og upplýsingafræðingur í Bókasafni Reykjanésbæjar héldu erindið "Í takt við umhverfið".

Vísindaferð Upplýsingar var áætluð þann 27. mars en féll niður vegna samkomubanns. Vonast er til að hægt verði að fara í fyrirhugaða ferð í haust.

Síðasta morgunkorn starfsársins sem átti að vera í maí, var frestað til 27. ágúst vegna afleiðinga Covid19 veirufaraldursins. Það sama á við um aðalfundinn og er hvorutveggja haldið 27. ágúst. Á morgunkorninu fer Jóhanna Gunnlaugsdóttir, professor í upplýsinga- og skjalastjórnun yfir stöðu, væntingar og horfur í upplýsingafræðimenntun á Íslandi.

#### Aðrir viðburðir

Jólagleði félagsins var haldin föstudaginn 29. nóvember í Bókasafni Fjölbautaskóla Garðabæjar (FG), þar sem þær Guðný Guðnadóttir og Anna Björg Sveinsdóttir tóku á móti gestum. Veitingar voru keyptar frá veitingahúsini Bragðlaukum í Reykjavík og Steingerður Þorgilsdóttir, söngkona ásamt hljómsveit sá um tónlistina.

Upplýsing þakkar ofangreindum aðilum kærlega fyrir góðar móttökur og samstarf.

### 11. Nefndir, ráð og starfshópar 2019 - 2020

Nefndum sem tengjast starfi félagsins hefur stórlega fækkað undanfarin ár og þeirra störf lent meir og meir á stjórn félagsins. Hér munar sérstaklega um störf uppstillinganefndar, sem hafði það hlutverk að finna fólk í nefndir og ýmis önnur verkefni. Ástæðan fyrir þessari þróun er einföld, erfiðlega hefur gengið að fá fólk til að starfa í nefndum fyrir félagið þegar aðrir hafa hætt.

Hér á eftir fara þær föstu nefndir og starfshópar sem störfuðu fyrir félagið á síðasta starfsári.

**Útgáfunefnd** - hefur það hlutverk að ritstýra og gefa út Bókasafnið og halda utan um vef Fregna. Allir sem áttu sæti í útgáfunefnd létu af störfum eftir starfsárið 2017-2018. Erfiðlega gekk að fá fólk til starfa í nefndinni og fór svo að ekki tókst að manna hana fyrir en í byrjun árs 2019. Þá tóku sæti í henni: Bergljót Tulinius Gunnlaugsdóttir (Flensburg, sagði síg úr nefndinni á miðju tímabili vegna anna), Vigdís Þormóðsdóttir (Bókasafn LHÍ - svo Landsbókasafni), Þórunn Erla Sighvats (Orkustofnun) og Sigurgeir Finnsson (Landsbókasafni). Ilmur Gísladóttir (Borgarbókasafni) bættist síðust í nefndina. Þau voru öll skipuð til tveggja ára eða til 2020.

**Höfundaréttarnefnd** - í nefndinni eru nú:

Hrafn Malmquist, starfar í Bretlandi. [hrafn.malmquist@gmail.com](mailto:hrafn.malmquist@gmail.com)

Erlendur Már Antonsson, Landsbókasafni Íslands - Háskólabókasafni. [erlendur@landsbokasafn.is](mailto:erlendur@landsbokasafn.is)

Þorbjörg Bergmann, Bókasafni Hafnarfjarðar, [tobba82@live.com](mailto:tobba82@live.com)

**Undirbúningshópur Bókasafnsdagsins** hefur unnið að framgangi þess dags og boríð allan þunga af undirbúningi hans.

Í undirbúningshópnum eru:

Barbara Guðnadóttir - fh stjórnar Upplýsingar

Óskar Þór Þráinsson

Maria Logn Kristínardóttir Ólafsdóttir

Arnfríður Jónasdóttir

Arna Emilia Vigfúsdóttir

Magrét Björnsdóttir

Edda Hrund

Magrét Sigurgeirs dóttir

**Framtíðarhópur** heldur utan um skipulag málþings Upplýsingar annað hvert haust.

Í skipulagsnefnd málþings Upplýsingar/framtíðarhóp voru:

Magrét Sigurgeirs dóttir f.v. formaður Upplýsingar

Sigríður Júlia Sighvatsdóttir f.v. gjaldkeri Upplýsingar

Kristjana Mjöll Jónsdóttir Hjörvar f.v. formaður Upplýsingar og

Oddfríður Steinunn Helgadóttir, þáverandi formaður Upplýsingar.

### 12. Innleit samstarf

Upplýsing á fulltrúa í ýmsum nefndum utan Upplýsingar.

#### a) Blái skjöldurinn

Upplýsing, sem fullríui IFLA, á fulltrúa í landsnefnd Bláa skjaldarins og í fræðsluhópi Bláa skjaldarins. Fullrúi Upplýsingar 2019-2021 er Hulda Bjarnadóttir, [hulda.bjarnadottir@ruv.is](mailto:hulda.bjarnadottir@ruv.is). Hrönn Sigurðardóttir var varamaður en hefur sagt sig frá því hlutverki.

#### Skýrsla fulltrúa Upplýsingar í Landsnefnd Bláa skjaldarins um starfsárið 2019-2020:

Landsnefnd Bláa skjaldarins hélt sex fundi frá síðasta aðalfundi Upplýsingar, 13. maí 2019. Ný landsnefnd var skipuð í byrjun árs 2019 og tók hún við störfum 6. mars 2019. Nú er nefndin skipuð þannig að Karen Sigurkarlsdóttir situr fyrir hönd viðurkenndra fulltrúa Alþjóðaskjalaráðsins á Íslandi,

Hulda Bjarnadóttir fyrir hönd Alþjóðasamtaka bókasafna á Íslandi (Upplýsing), María Karen Sigurðardóttir fyrir hönd Íslensku ICOMOS nefndarinnar og er hún formaður nefndarinnar, og Anna Guðný Ásgeirsdóttir fyrir hönd Íslandsdeildar ICOM. Hrönn Sigurðardóttir er varafulltrúi Upplýsingar. Landsnefnd Bláa skjaldarins á Íslandi hefur verið að vinna að nokkrum verkefnum á starfsárinu. Blái skjöldurinn var með málstofu á Farskóla FÍSOS á Patreksfirði, 2.-5. október 2019. María Karen Sigurðardóttir formaður landsnefndarinnar var með kynningu á starfsemi Bláa skjaldarins og fór yfir það helsta sem samtökum standa fyrir, núverandi verkefni og framtíðarmarkmið. En framtíðarmarkmið samtakanna eru að vera með námskeið í gerð viðbragðs- og neyðaráætlana á landsvísu, í hverjum landshluta fyrir sig. Nathalie Jacqueminet sagði frá aðgerðum sem farið var í á Skógarsafni í eldgosinu í Eyjafjallajökli 2010; Byggðasafni Árnesinga eftir jarðskjálfann árið 2008 og svo „Pilot-verkefni“ í Norður þingi sem er hugmyndin að verði fyrirmynnd annara sveitarfélaga hvernig bregðast skal við vá. Síðan fór Nathalie Jacqueminet yfir uppbyggingu viðbrags- og björgunaráætlunar fyrir safnkost á söfnum. Þáttakendur voru hvattir til að ræða öryggismál og deila reynslu sinni.

Landsnefnd Bláa skjaldarins hugðist standa fyrir málþingi þann 7. maí um verndun menningararfs hér á landi með áherslu á viðbragðsáætlun menningarstofnanna. Í ljósi aðstæðna vegna COVID-19 þurfi landsnefndin því miður að fresta málþinginu. En ný dagsetning verður kynnt þegar hún liggur fyrir. Blái skjöldurinn stofnaði póstlista fyrir áhugasama um störf nefndarinnar á starfsárinu, þar sem landsnefndin ætlar að deila fréttum úr starfinu. Á sama tíma var unnin persónuverndarstefna. Landsnefndin hefur verið í sambandi við Almannavarnir og m.a. rætt um að tengja landsnefndina við samhæfingarmiðstöð Almannavarna, svo nefndin geti lagt til stuðning og fagþekkingu þegar þörf er á. Auk þess er nefndin að vinna að og þrýsta á stjórnvöld að fullgilda Haag-sáttmála Sameinuðu þjóðanna frá 1954 um vernd menningarlegra verðmæta þegar átök eiga sér stað. Blái skjöldurinn sendi inn umsögn um þingmálið þann 23. mars sl.

Blái skjöldurinn hefur gert þriggja ára samning við Mennta- og menningarmálaráðuneytið, fyrir árin 2020-2022, og hlýtur 700.000 kr. rekstrarstyrk á ári vegna námskeiðishalds um neyðaráætlunar, og 700.000 kr. styrk úr safnasjóði sem ætlaður er til að halda málþing á vegum Bláa skjaldarins á Íslandi. 27. maí 2020

Hulda Bjarnadóttir

**b) Undirbúningsnefnd árlegrar barna- og unglingsabókaráðstefnu í Gerðubergi**

Ári hverju er haldin barna- og unglingsabókaráðstefna í Menningarhúsinu í Gerðubergi. Upplýsing á fulltrúa í undirbúningsnefnd þeirrar ráðstefnu. Gréta Björg Ólafsdóttir, deildarstjóri barnastarfs í Bókasafni Kópavogs er fulltrúi Upplýsingar í undirbúningsnefndinni.

**c) Fulltrúaráð Þjónustumiðstöðvar Bókasafna**

Fulltrúaráð Þjónustumiðstöðvar Bókasafna var stofnað 2016. Fulltrúi úr stjórn Upplýsingar situr í ráðinu og er það Magný Rós Sigurðardóttir, Landsbókasafni.

**d) Fulltrúar í Íslenskri málnefnd**

Fulltrúar í málnefnd létu af störfum fyrir félagið á árinu og tilnefndi Upplýsing þau Þórð Sævarsson, Amtsbókasafninu á Akureyri og Guðrúnu Baldvinsdóttur, Borgarbókasafninu til að taka við keflinu.

### 13. Norrænt og alþjóðlegt samstarf

Alþjóðleg og norræn samskipti eru mismikil. Reynt hefur verið að halda uppi samstarfi við norrænu bókavarðafélögum og IFLA enda má til sanns vegar færa að þessi samskipti séu félagini gagnlegust.

**a) Samstarf norrænu bókavarðafélaganna**

Fulltrúar norrænu bókavarðafélaganna hittast að jafnaði tvisvar á ári. Fundað er á meðan IFLA-þing stendur og svo er skipst að bjóða til funda í janúar. Til stóð að funda í Oslo í apríl á þessu ári en hann átti að halda samhlíða opnum nýs almenningsbókasafns í Oslo. Vegna heimsfaraldurs Covid-19 fél fundurinn niður og á eftir að fastsetja nýja tímasetningu þegar málín skýrast. Næsti fundur þar á eftir verður haldinn á Íslandi.

**b) IFLA**

Tveir fulltrúar stjórnar hafa farið á IFLA, sótt fyrirlestra og fundað meðal annars með fulltrúum norrænu bókavarðafélaganna. IFLA ráðstefnan sem vera átti í Dublin á þessu ári var felld niður vegna Covid.

**c) ALMA**

Upplýsing á fulltrúa í nefnd um úthlutun styrkjar á vegum ALMA - Astrid Lindgren Memorial Award, sem er alþjóðlegur styrkur veittur fyrir barna- og unglingsabómenntir. Íslensku nefndina skipta auk fulltrúa Upplýsingar fulltrúi IBBY á Íslandi, fultrúi Félags íslenskra teiknara (FÍT) og fulltrúi Rithöfundasambands Íslands.

Fulltrúi Upplýsingar fyrir næstu úthlutun 2020 er Gréta Björg Ólafsdóttir.

## Að lokum

Stjórnin þakkar öllum þeim sem eru að starfa fyrir félagið og félagsmenn þess. Það eru margir sem koma að starfinu enda verkefnin mörg. Mikilvægt er að hlúa að fræðslu á sviði bókasafna og upplýsingafræða, gera störfin okkar sýnileg og sýna fram á mikilvægi þeirra stofnana sem við störfum hjá. Það er í okkar höndum að hvetja til fræðslu, lesturs, þáttöku í samféluginu og að bæta upplýsingalæsi. Stjórnin hefur átt í basli síðustu ár þar sem mikið hefur verið um svíptingar innan stjórnar og hún því verið svoltíð löskuð. Það að geta leitað til félagsmanna og fengið folk í nefndir og ráð er ómetanlegt og tryggir að við getum haldið uppi faglegu og góðu starfi. Og það er ljóst að það er enginn skortur á góðu fólk sem hægt er að treysta á.

Við þökkum kærlega fyrir samstarfið og samfylgdina á árinu.

## Fylgiskjal 3 – Rekstrar- og efnahagseikningar félagsins (afrit, sjá frumrit í sér skjali).

### Rekstrarreikningur ársins 2019

Rekstrartekjur:	Skýr:	2019	2018
Tekjur af viðburðum .....	1	1.335.929	0
Félagsgjöld .....		2.621.500	7.356.116
Styrkir alm. .....		640.000	0
Aðrar tekjur .....		0	3.389.700
Rekstrartekjur alls		<u>4.597.429</u>	<u>10.745.816</u>

### Rekstrargjöld:

Árshátið og fl. Vegna starfsmanna .....		0	7.363
Húsaleiga .....		155.056	148.352
Rekstur áhalda og tækja .....	6	3.920	139.894
Skrifstofukostnaður .....	7	258.957	757.541
Stjórnun og umsýsla .....	8	<u>4.619.162</u>	<u>8.082.097</u>
Rekstrargjöld alls		<u>5.037.095</u>	<u>9.115.247</u>

Hagnaður (tap) án fjármagnsliða .....	(	439.666)	1.630.569
---------------------------------------	---	----------	-----------

### Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):

Vaxtatekjur og verðbætur .....	10	128.524	120.211
Vaxtagjöld og verðbætur .....	11	( 96.375) (	110.431)
		<u>32.149</u>	<u>9.780</u>

Hagnaður (tap) af reglulegri starfsemi .....	(	407.517)	1.640.349
--	---	----------	-----------

Hagnaður (tap) ársins .....	(	407.517)	1.640.349
-----------------------------	---	----------	-----------

### Efnahagsreikningur 31. desember 2019

Veltufjármunir:	Skýr:	2019	2018
Skammtímakröfur .....	15 (	41.394	169.488
Handbært fé .....	17	<u>12.990.616</u>	<u>13.187.251</u>
		<u>12.949.222</u>	<u>13.356.739</u>
Eignir samtals .....		<u>12.949.222</u>	<u>13.356.739</u>

Eigið fé.			
Óráðstafað eigið fé 01.01. .....		13.356.739	11.716.390
Hagnaður (tap) ársins .....	(	407.517)	1.640.349
		<u>12.949.222</u>	<u>13.356.739</u>

Skuldir og eigið fé samtals .....		<u>12.949.222</u>	<u>13.356.739</u>
-----------------------------------	--	-------------------	-------------------

**Fylgiskjal 4 – Fjárhags- og framkvæmdaáætlun næsta starfsárs** (afrit, frumrit í sér skjali).  
**Fjárhagsáætlun Upplýsingar fyrir árið 2020**

**Tekjur:**

Árgjöld	2.600.000
Landsfundur	0
Styrkir o.fl.	1.200.000
Ýmis fjármögnum	600.000
Tekjur alls:	<b>4.400.000</b>

**Gjöld:**

Norrænt og alþjóðlegt samst.	0
Ferðastyrkir til félagsmanna	-240.000
Funda-og stjórnunarkostnaður	-925.000
Húsaleiga	-160.000
Alm. rekstarkostnaður	-500.000
Sími og Netrekstur	-150.000
Bankakostnaður	-80.000
Útgáfa og prentun og póstþj.	-340.000
Fjármagnstekjuskattur	-30.000
Jólagleði og aðrar uppákomur	-400.000
Bókasafnsdagurinn	-600.000
Landsfundur	0
Gjöld alls:	<b>-3.425.000</b>
Áætlaður hagnaður	<b>975.000</b>